

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 525/2021, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. samþykktarinnar:

- a. 4. tl. A-liðar breytist þannig að framan við síðustu málsgrein bætist eftirfarandi:
Velferðarnefnd fer með verkefni yfirstjórnar barnaverndarþjónustu skv. 12. gr., sbr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum.
- b. 2. tl. B-liðar orðast svo:
Umdæmisráð barnaverndar: Ísafjarðarbær stendur sameiginlega að umdæmisráði barnaverndar ásamt öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni, í samræmi við 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, með síðari breytingum, en bæjarstjórn skipar í ráðið skv. samningi um umdæmisráð barnaverndar.

2. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki 1.1. um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar, sem birtur er með samþykkt þessari.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 29. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI 1.1

um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála.

Sviðsstjóri velferðarsviðs fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Ísafjarðarbæjar samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá velferðarnefnd með hliðsjón af 24. gr. stjórnvaldsluga nr. 37/1993, sbr. og 37. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Telji velferðarnefnd að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónusta Ísafjarðarbæjar taka málið upp að nýju.